# Umsókn um skiptingu séreignar

Undirrituð/-aður, sækir um skiptingu séreignar vegna fráfalls sjóðfélaga í Séreign LSR.

## 1 Upplýsingar um umsækjanda

Nafn ______________________ Kt. ______________

Heimili ______________________

Póstnúmer __________ Staður ______________________

Netfang ______________________ Sími - Gsm ______________

Tengsl við sjóðfélaga ☐ Maki ☐ Barn ☐ Önnur tengsl, hver ______________

**Sé umsækjandi ólögráða óskast upplýsingar um forráðamann:**

Nafn ______________________ Kt. ______________

## 3 Upplýsingar um sjóðfélaga

Nafn ______________________ Kt. ______________

Dánardagur __________

## 4 Velja skal eina fjárfestingarleið

Sjóðfélagi óskar eftir að iðgjald verði ávaxtað samkvæmt **einni** af eftirfarandi fjárfestingarleiðum:

☐ Leið I verðbréfaleið með áherslu á hlutabréf

☐ Leið II verðbréfaleið með áherslu á skuldabréf

☐ Leið III innlánsleið

☐ Sér-leið I færir iðgjald og inneign sjóðfélaga úr Leið I í Leið III við 55 ára aldur

☐ Sér-leið II færir iðgjald og inneign sjóðfélaga úr Leið II í Leið III við 55 ára aldur

Sjá nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir á bakhlið umsóknar og á vef LSR**www.lsr.is.**

Inneign í séreignarsjóði er skipt skv. erfðalögum og færist inn á séreign rétthafa hjá Séreign LSR. Varfærni og reynsla einkennir eignastýringu fjárfestingaleiða Séreignar LSR. Eign rétthafa verður ávöxtuð í þeirri fjárfestingarleið sem valin er hér að ofan.

Óski rétthafi eftir greiðslu úr Séreign LSR þarf að fylla út lið 5.

## 5 Séreignarlífeyrir óskast greiddur í eingreiðslu

Ég óska eftir því að fá ofangreindan séreignarlífeyrir greiddan út í einni greiðslu þann: ______________

Bankanúmer - höfuðbók - reikningsnúmer: ______________________

Athugaðu að reikningur þarf að vera á nafni umsækjanda. Allar útgreiðslur LSR munu greiðast á þennan bankareikning. Ef þörf er á getur þú breytt bankaupplýsingum þínum síðar á Mínum síðum LSR.

**Staðgreiða skal skatt af lífeyrisgreiðslum eins og um venjulegar launagreiðslur sé að ræða. Það er ábyrgð lífeyrisþega að láta sjóðinn vita í hvaða skattþrepi skattgreiðslur eiga að vera og um rétta nýtingu persónuafsláttar. Veldu eitt af skattþrepunum hér fyrir neðan eða skráðu mánaðarlegar skattskyldar tekjur þínar frá öðrum en LSR.**

☐ Skattaþrep 1 (31,48% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur að kr. 446.136)

☐ Skattaþrep 2 (37,98% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur frá kr. 446.137 og að kr. 1.252.501)

☐ Skattaþrep 3 (46,28% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur yfir kr. 1.252.501)

☐ Ég óska eftir því að skattþrep miðist við aðrar mánaðarlegar tekjur. Aðrar mánaðarlegar tekjur kr. : ______________

Nýta eigin persónuafslátt: __________ % frá dags.: __________

Nýta persónuafslátt maka: __________ % frá dags.: __________

Kennitala maka: __________

______________________
Dagsetning undirskriftar

______________________
Undirskrift umsækjanda

______________________
F.h. Séreignar LSR

**Fjárfestingarleiðir Séreignar LSR**
Séreign LSR býður upp á þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir auk Sér-leiðar.

| | **Sveiflur í ávöxtun** | **Aldur í Sér-leið** |
|---|---|---|
| **Leið I** | Meiri sveiflur | 54 ára og yngri |
| **Leið II** | Minni sveiflur | 54 ára og yngri |
| **Leið III** | Lágmarkssveiflur | 55 ára og eldri |

**Leið I:** Samkvæmt fjárfestingarstefnu er vægi hlutabréfa 42% sem þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið I hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sig til að jafna út sveiflurnar.

**Leið II:** Samkvæmt fjárfestingarstefnu er vægi hlutabréfa 32% sem þýðir að sveiflur í ávöxtun verða minni en í Leið I og áhættan þ.a.l. minni. Leið II hentar þeim sem eiga þó nokkur ár til starfsloka en vilja taka miðlungsáhættu og vilja litlar sveiflur í ávöxtun.

**Leið III:** Samkvæmt fjárfestingarstefnu er séreignarsparnaðurinn ávaxtaður að öllu leyti á verðtryggðum innlánsreikningum. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarks áhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun.

**Sér-leið**
Sér-leið LSR er þægilegt sparnaðarform sem hefur það markmið að fjárfestingarstefna fylgir aldri sjóðfélaga og áhættuvali hans. Það er eðlilegt að draga úr vægi áhættumeiri fjárfestinga eftir því sem fólk eldist og nær dregur lífeyrisgreiðslum. Fyrirkomulag Sér-leiðar er með þeim hætti að sjóðfélagar upp að 55 ára aldri velja á milli Leiðar I og Leiðar II. Í Leið I vega hlutabréf þyngra en í Leið II, en þar er áhersla lögð á skuldabréf. Við 55 ára aldur flyst eign sjóðfélaga í jöfnum greiðslum á 36 mánuðum yfir í Leið III. Þegar flutningur er framkvæmdur er sjóðfélögum send tilkynning þess efnis.

Góð ávöxtun og rétt eignasamsetning sparnaðar er lykillinn að góðum lífeyri. Fjárfestingarstefnurnar eru til lengri tíma en frávik í eignasamsetningu geta verið til skemmri tíma. Frekari upplýsingar og ráðgjöf um fjárfestingarleiðir má nálgast á heimasíðu LSR, www.lsr.is, eða hjá þjónusturáðgjöfum LSR í síma 510-6100, einnig má senda fyrirspurnir á netfangið sereign@lsr.is.